



## Viðbragðsáætlun vegna ófærðar og/eða óveðurs



Skólastjóri tekur ákvörðun um það hvort skólaakstur fellur niður vegna ófærðar og/eða óveðurs, samkvæmt skilgreiningum almannavarna, í samráði við skólabílstjóra. Skólastjóri getur jafnframt flýtt/seinkað heimakstri eða fellt niður akstur á tiltekinni akstursleið vegna ófærðar og/eða óveðurs í samráði við skólabílstjóra. *Ef skólaakstri er aflýst verður ekki um hefðbundið skólastarf að ræða þann dag. Skólastjóri getur aflýst skólahaldi og lokað skólanum ef ófærð eða óveður kallar á það.*

### Skólaakstri aflýst

Ákvörðun um hvort skólaakstri er aflýst er tilkynnt að morgni hvers dags eins fljótt og auðið er.

SMS skilaboð eru send forráðamönnum og starfsfólki. Starfsfólk metur í samráði við skólastjóra hvort og hvenær það kemst til vinnu.

Tilkynning er sett inn á heimasíðu skólans ([www.floaskoli.is](http://www.floaskoli.is)) eins fljótt og auðið er.

### Röskun á skólaakstri á einstökum leiðum

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að komast á skólabíl heim að einstökum bæjum vegna ófærðar og/eða óveðurs hefur bílstjóri samband við viðkomandi forráðamenn.

Foreldrum ber að láta skólabílstjóra vita ef heimreið er ófær og ekki hefur borist tilkynning um röskun á skólaakstri.

Ef skólabílstjóri metur aðstæður með þeim hætti að fella verði niður skólaakstur á hans akstursleið hefur hann samband við skólastjóra eins fljótt og auðið er.

SMS skilaboð eru send til forráðamanna og röskun á skólaakstri tilkynnt. Frekari upplýsingar um hvaða akstursleiðir falla niður eru settar inn á heimasíðu skólans ([www.floaskoli.is](http://www.floaskoli.is)) eins fljótt og auðið er.

### Heimferð flýtt / seinkað

Ef flýta eða seinka þarf heimferð vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár (**appelsínugul viðvörðun hjá Veðurstofu Íslands**) fá foreldrar SMS skilaboð með tímasetningu heimferðar. Tilkynning er einnig sett inn á heimasíðu skólans ([www.floaskoli.is](http://www.floaskoli.is)) eins fljótt og auðið er.

Samband er haft við foreldra barna í 1. – 4. bekk, til að ganga úr skugga um að einhver taki á móti þeim, áður en skólabílar leggja af stað frá skóla.

### Ábyrgð foreldra / forráðamanna

Mikilvægt er að foreldrar / forráðamenn fylgist með veðurspá og tilkynningum frá skóla. Hafa verður í huga að veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mismunandi eftir svæðum í hreppnum.

Mikilvægt er að foreldrar sendi börn sín aldrei í skólann ef þeir telja aðstæður hugsanlega ógna öryggi barnanna. Við slíkar aðstæður tilkynna foreldrar fjarveru barna sinna til skólans í síma 486-3460 eða með tölvupósti á netfangið: [floaskoli@floaskoli.is](mailto:floaskoli@floaskoli.is)